

Auglýsing um náttúruvætti á Hveravöllum á Kili.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa hverina á Hveravöllum á Kili ásamt næsta nágrenni náttúruvætti.

*Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:*

- (1) Að norðan ræður suðurhlíð lóðar Veðurstofunnar svo langt sem hún nær til vesturs.
- (2) Þaðan sjónhendng til suðvesturs í klofinn hraunhól.
- (3) Úr honum til austurs í annan hól tvíklofinn. (Eyvindarrétt).
- (4) Þaðan liggja mörkin að suðurenda skeifulaga tjarnar og
- (5) áfram upp á hábungu sandöldunnar austan hverasvæðisins.
- (6) Af henni til norðurs eins og aldan liggur upp á aðra sandöldu og
- (7) þaðan í austurhorn Veðurstofulóðar.

*Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:*

1. Bannað er að raska útliti hveranna, brjóta úr skálum þeirra og henda í þá grjóti eða öðru.
2. Mannvirkjagerð öll og jarðrask á svæðinu er háð leyfi [Umhverfisstofnunar]. Ferðafélag Íslands skal þó heimilt að hafa áfram skála en samráð skal haft um staðsetningu, stærð og gerð mannvirkja.
3. Gangandi fólki er heimil för um svæðið og dvöl þar í lögmætum tilgangi enda sé snyrtimennsku gætt og farið að settum reglum.
4. Akstur utan vega og merktra slóða er stranglega bannaður.  
Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Jafnframt falla úr gildi eldri ákvæði um friðun svæðisins.

Menntamálaráðuneytið, 25. apríl 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

---

Knútur Hallsson